

1873.

15. marz.

Um 7. Um þetta atriði skal vísað til meðfylgjanda um-  
burðarbréfs, sem í dag er skrifað öllum lögreglustjórum á  
Íslandi.

Að svo miklu leyti sem kaupmenn hafa æskt eftir því, að  
það mætti vera komið undir hverjum einum sjálfum, hvort hann  
borgaði gjald það, sem ákveðið er í tilskipuninni, í Kaupmanna-  
höfn eða á Íslandi, gefum vèr yður til kynna, að stjórnarráðið  
á eigi hægt með að veita slíkt leyfi, þarè það kæmi í bága við  
fyrirskipanir í 2. og 10. grein tilskipunarinnar, enda mundi  
það fyrirkomulag miklum örðugleikum bundið.

15. marz.

### 19. Umburðarbréf dómsmálastjórnarinnar til allra lög- reglustjóra á Íslandi, um heimtingu brennivíns- gjalds.

Til leiðbeiningar við útreikning gjalds þess, sem með tilsk.  
handa Íslandi 26. febr. f. á. er lagt á brennivín og aðra áfenga  
drykki, skal þess getið, sem hér segir:

1. Á dönskum vöruskrám, sem fylgja þeim vörum, sem  
flytjast til Íslands, er tilfært mál á víni og áfengum drykkjum,  
því þetta er ávallt gjört, þegar átt er við vín á flöskum og aðra  
áfenga drykki, en með tilliti til vins á tunnum og öðrum ílátum en  
flöskum, sem á hinn bóginn er tiltekið í vikt, er sérstaklega skipað  
svo fyrir, að tollstjórnin skuli á vöruskránni handa skipum, sem  
afgreiðast til Íslandsferðar, breyta viktinni í mál. Að svo miklu leyti  
sem málið eigi verður fundið með hinni svo nefndu rúðumæling, og  
sè ekki reynsla fyrir einhverju hlutfalli, sem farið verði eftir við  
breytingu viktar í mál á einhverri vörutegund, verður breytingin  
gjörð eftir hlutfalli, sem byggt er á vikt hinna ýmsu vintegunda  
að meðaltölu, og hefir það reynzt svo, að einn *viertel* eða 8  
pottar vegi 15,4 pd.; er því 1 pottur hërumbil jafn 1,9 pd.  
Tollgæzluvaldið danska skal hafa gætur á, að allar vörur sem  
flytjast til Íslands af þeirri tegund, sem hér er umtalsmál, sé

1873.

15. marz.

ritaðar á tollskrá skipsins, og skal sérflagi skýrt frá, hvað mikið sè sagt ætlað handa skipverjum sjálfum, og skal jafnframt vottorð gefið um að málið sè rétt.

2. Sè við höfð útlend vikt í vöruskrám þeim, sem samdar eru í útlöndum samkvæmt lögum 15. apríl 1854 handa verzlunarskipum, sem sigla til Íslands, skal þeirri vikt breytt í dönsk pund, eptir því hlutfalli, að

1 norskt pd. sè talið jafnt 0,9962 dönsku pd.

1 sænskt skálpd. — — — 0,8500 — —

1 enskt pd. — — — 0,9072 — —

1 frakkneskt kílogram — — — 2,0000 — —

1 þjóðverskt pd. (tollpd) — — — 1,0000 — —

3. Þegar tæðar vörur eru fluttar til landsins eptir vikt, skal ílátið ákveðið þannig, að það sè:

fyrir vín á tunnum . . . . . 15 %

— — — krukum . . . . . 30 %

— spiritus á tunn., þegar viktin er 500 pd. með ílátinu, eða meira 15%

— spiritus á tunnum, þegar viktin er undir 500 pd. 18 %

4. Hin almennu útlendu mál verða gjörð að dönsku máli á þessa leið:

1 *viertel* er jafn . . . . . 8,000 dönskum pottum

1 frakkneskt *litre* — — . . . . . 1,0351 — —

1 ensk *gallon* — — . . . . . 4,7028 — —

1 norskur pottur — — . . . . . 3,9989 — —

1 sænsk kanna — — . . . . . 2,7090 — —

1 spánskur litro — — . . . . . 1,0361 — —

5. Af dönskum tunnu-flátum er

1 ánger . . . . . 39 pottar

1 uxahöfuð . . . . . 234 —

1 *tierce* . . . . . 156 —

1 áma . . . . . 160 —

1 pípa (= 3 ámur) . . . . . 480 —

1 fat (= 3 uxahöfuð) . . . . . 936 —

Tunnan er misstór eptir því, sem á henni er. Öltunna, sem einnig er höfð undir áfenga drykki, er 136 pottar, en íslenzk lýsis- og brennivínstunna er að eins 120, 121 eða 122 pottar.

1873.  
15. marz. Ef tunnan er löggilt, er pottatalið markað á tunnuni. Þessi mál, sem nú voru nefnd, eru reyndar venjuleg, en eru samt ekki svo áreiðanleg, að farið verði eptir þeim við útreikning gjaldsins, með því sömu nöfnin eru höfð að handa hófi um ílát, sem eigi að öllu leyti eru jafnstór; tunnan ein er áreiðanlegt mál, ef hún er löggilt.

Híð sama er um útlend tunnu-ílát. Einn *barrigue* er frakkneskt mál, sem er

í Bordeaux . . . . .	236,00	danskir pottar
í Bayonne . . . . .	255,37	— —
í Cette eru pípur uppá 70 <i>viertel</i> . . . . .	560,00	— —
í — — — — 65 — . . . . .	520,00	— —
í — — — — 60 — . . . . .	480,00	— —
í Madrid er pípan . . . . .	455,50	— —
í Malaga . . . . .	586,00	— —
á Madeira . . . . .	431,00	— —
í Portúgal . . . . .	520,00	— —

20. marz. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um gufuskipsferðir m. m.**

Sjóliðsstjórnin hefir í bræfi 14. þ. m. skýrt frá, að skonnortuskipið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja undir stjórn *P. F. Gjödesens* kapteins í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.

Jafnframt og vísað skal í þessu efni til þess, sem sagt er í bræfum dómsmálastjórnarinnar 10. febrúar og 25. marz 1871 að því leyti, er snertir Færeyjar, og til bræfs dómsmálastjórnarinnar 26. marz f. á.<sup>1</sup> að því leyti, er Ísland snertir, — en samkvæmt því verður nú frá þessu ári að framfylgja einbeittara en áður

<sup>1</sup>) Tiðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 326.